

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000, stækkun viðlegukants og uppfylling á hafnarsvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984.

Breytingin felst í því að ný uppfylling, allt að 35.000 m³ og 108 m lenging á viðlegukanti milli Löndunarbyggju og Miðbyggju í Vopnafjarðarhöfn er skilgreind sem iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, íbúðar- og frístundabyggðarsvæði í landi Hellatúns 1 og Lindarbæjar 1a og 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Í landi Hellatúns 1 breytist um 32 ha landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði með 2 - 4 ha lóðum. Aðkoma að svæðinu verður um þjóðveg 257, Ásveg.
- Í landi Lindarbæjar 1a breytist um 8 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð með 10 lóðum. Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 271, Bugaveg.
- Í landi Lindarbæjar 2 breytist um 70 ha landbúnaðarsvæði í annarsvegar svæði fyrir frístundabyggð með 20 lóðum og hinsvegar í íbúðarsvæði með 8 lóðum. Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 271, Bugaveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Ásahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.